

## Samþykkt fyrir Öldungaráð Reykjavíkurborgar

### *Umboð*

#### **1. gr.**

Öldungaráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### *Verksvið*

#### **2. gr.**

Öldungaráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem eru 67 ára og eldri. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við hagsmunasamtök hópsins, móta stefnu og gera tillögur til borgarráðs sem varðar verksvið þess.

### *Hlutverk*

#### **3. gr.**

Öldungaráðið er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru 67 ára og eldri, félagsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráðið er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru 67 ára og eldri.

### *Skipan*

#### **4. gr.**

Öldungaráðið er skipað 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara, Samtök aldraðra tilnefna tvo fulltrúa og tvo til vara og Félag eldri borgara tilnefnir einn fulltrúa og einn til vara. Borgarstjórn kýs formann ráðsins en öldungaráðið sjálf kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Þá getur öldungaráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Öldungaráðið getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir til að fjalla um afmarkaða málaflokka. Ákvörðun um skipun undirnefndar skal tilkynna borgarráði.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### **5. gr.**

Formaður ráðsins er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Öldungaráðið er vistað hjá mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu hennar. Fagráð Reykjavíkurborgar tilnefna tengiliði öldungaráðsins innan fagsviða.

## *Boðun funda og fundarsköp*

### **6. gr.**

Öldungaráðið skal að jafnaði halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar með borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður öldungaráðsins boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra Reykjavíkurborgar og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi öldungaráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

## *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

### **7. gr.**

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Öldungaráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar. Mannréttindaskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur henni til fundarritara. Mannréttindastjóri ber ábyrgð á fundarritun.

## *Málsmeðferð*

### **8. gr.**

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvæðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnarsýslulögum og verklagsreglum um stjórnarsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvæðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.